

Erindi er varðar hundsvæði í Búðardal.

Sem verðandi hundaeigandi í Búðardal óska ég eftir því að sveitarfélagið taki það til skoðunar í fjárhagsáætlunarvinnu að koma upp hundasvæði í Búðardal þar sem hundaeigendur geta leyft hundum sínum að vera lausir.

Ég hefði gjarnan viljað vera búinn að fá hvolpinn í hendur áður en ég skrifa þetta erindi en hann er væntanlegur í október en ákvað að gera það frekar núna þar sem vinna við fjárhagsáætlun næsta árs er að fara af stað.

Hundaeigendur í Búðardal borga í dag kr 8757 krónur í skráningargjald og svo 6858 krónur á ári eftir það. Þjónusta sem veitt er er ábyrgðartrygging og hundahreinsun árlega og við skráningu er innifalin örmerking, skráning, merking og segir í samþykkt um hundahald að eigandi fái afhenta plötu með skráningarnúmeri hunds.

Kostnaður við hundasvæði ætti að vera óverulegur, það þarf girðingu ruslatunnu og kannski bekk svo eigendur geti fengið sér sæti séu 2 eða fleiri hundar saman að leika sér.

Varðandi stærð hundasvæðis þá samkvæmt því sem ég hef fundið á veraldarvefnum að þá eru þau oft í kringum 5 hektarar á stærð. Það þarf ekki endilega að vera svo stórt hér en það þarf þó að vera nokkuð rúmgott.

Sveitarfélagið gæti farið nokkrar leiðir í þessum efnum og langar mig til þess að koma með tillögu sem gæti auðveldað að koma vinnu af stað varðandi skipulag og hugsanlegan kostnað.

Á tünnum á bakvið húsin á Sannubraut þar held ég að séu fín svæði sem væri auðvelt að girða af. Hugsanlega gæti svæðið verið í hinum enda bæjarins líka en þar hefur verið skipulögð íbúabyggð að einhverju leiti svo ég held að það sé ekki jafn mikið framtíðarsvæði. Einnig finnst mér vera kostur að þetta sé ekki á tünunum við Fjósa þar sem þetta er þjónusta við heimafólk ekki ferðamenn. Einnig getur verið smithætta ef fólk týnir ekki upp eftir hundana sína og því miður sjáum við það að fólk er ekki duglegt við það þegar það hleypir hundum sínum út í kringum Krambúðina og þá gjarnan á Fjósatúnunum. Einnig væri hægt að hafa svæðið læst með læsingu og fengju þá hundaeigendur lykil er þeir skrá hunda sína. Það gæti einnig verið hvatning fyrir hundaeigendur að skrá hunda sína. En mig grunar að það mætti gera mun betur í þeim málum í Búðardal. Svona sé ég fyrir mér að þetta geti gengið.

En þetta er vissulega bara hugmynd og það getur vel verið að það séu önnur sjónarmið og aðrar lausnir betri í þessum efnum.

Sigurður Bjarni Gilbertsson